

Fimmtudaginn 18. apríl 1996.

Nr. 170/1995.

Byggingarfélagið Borg hf.

(Ólafur Sigurgeirsson hdl.)

gegn

Magnúsi Halldórssyni

(Ólafur Garðarsson hrl.)

Verksamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. maí 1995. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda, en til vara lækkunar á þeirri fjárhæð, sem stefnda var dæmd úr hendi hans í héraði. Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með verksamningi 2. apríl 1992 tók stefndi að sér jarðvinnu í tengslum við verk, sem áfrýjandi hafði með höndum við byggingu nemendaþúða að Bifröst í Borgarfirði. Voru verklaun handa stefnda ákveðin 1.089.560 krónur. Átti stefndi meðal annars að grafa á lóð og fyrir húsi og ýmist flytja til eða fjarlægja jarðefni samkvæmt nánari fyrirmælum í verklýsingu, þar sem tekið var fram, að magntölur jarðefna miðuðust við „óhreyft hraun“. Samkvæmt blaði, þar sem stefndi færði inn tilboð sitt í verkið, var áætlað, að þessi verkþáttur tæki til um 1.400 rúmmetra af hrauni. Bauðst stefndi til að leysa þennan hluta verksins af hendi fyrir 341,70 krónur á hvern rúmmetra, samtals 478.380 krónur.

Fljótlega eftir að stefndi hóf vinnu við framangreint verk, kom í ljós stór klöpp á vinnusvæðinu, og gat hann ekki unnið á henni með þeim tækjum, sem hann réð yfir til verksins. Leitaði stefndi í samráði við áfrýjanda til Ræktunarsambands Flóa og Skeiða, sem tók að sér að fleyga klöppina á kostnað áfrýjanda. Stefndi annaðist með gröfu tilflutning á grjóti, jafnharðan og losnaði um það með fleyguninni, og síðan flutning þess af verkstað. Í framburði framkvæmda-

stjóra áfrýjanda fyrir héraðsdómi, sem samrýmist framburði framkvæmdastjóra Ræktunarsambands Flóa og Skeiða, er talið, að efni úr klöppinni, sem var fjarlægt á þennan hátt, hafi numið um 970 rúmmetrum. Samhliða þessu var ákveðið að grafa ekki jafnmikið og áður var ráðgert, en af þeim sökum mun efnismagnið, sem stefndi hafði tekið að sér að grafa og fjarlægja, hafa minnkað um 300 rúmmetra. Breytingar voru ekki gerðar á samningi aðila af þessu tilefni.

Áfrýjandi kveðst þrátt fyrir umræddan samdrátt á umfangi verksins hafa greitt stefnda fyrir það samkvæmt þeim magntölum, sem upphaflega var miðað við, en með því hafi stefndi fengið fyllilega bætt allt óhagræði, sem kunni að hafa fylgt röskun á fyrirætlunum um verkið. Hafi þannig samningsverðið fyrir gröft, ámokstur og brottflutning á hrauni verið að öðru leyti látið gilda fyrir sömu vinnu við klöppina, en áfrýjandi telur lítinn eðlismun hafa verið á henni og hrauni, eftir að hún var fleyguð niður. Stefndi telur á hinn bóginn, að af framangreindum ástæðum hafi forsendur fyrir verk-samningi aðila brostið, hvað varðar þennan verkþátt. Í málinu sækir stefndi kröfu samkvæmt reikningi, dagsettum 6. apríl 1994, vegna vélavinnu samkvæmt tímagjaldi við mokstur á losaðri klöpp og aukins kostnaðar við flutning þess efnis í stað hrauns. Frá þessu dregur stefndi fjárhæðina, sem áfrýjandi greiddi samkvæmt áður sögðu fyrir vinnu, sem þurfti ekki að leysa af hendi vegna minnkunar á umfangi verksins.

Samkvæmt framangreindu urðu að tvennu leyti breytingar á umræddum verkþætti frá því, sem ráðgert var í samningi málsaðila. Annars vegar minnkaði magn jarðefnis, sem stefndi þurfti að moka upp og flytja, um 300 rúmmetra frá því, sem miðað var við í verk-samningi. Allt að einu mun stefndi hafa fengið greiðslu án tillits til þess. Hins vegar reyndist vera klöpp á meginhluta vinnusvæðisins í stað óhreyfðs hrauns. Áfrýjandi lét brjóta klöppina eftir þörfum á sinn kostnað, en stefndi gróf brotin upp og flutti á brott. Kom þetta efni í stað samsvarandi magns af óhreyfðu hrauni, sem aðilar höfðu miðað við í verk-samningi sínum. Stefndi hefur hvorki sýnt fram á, að umfang verksins hafi aukist né að framkvæmd þess hafi þurft að reynast sér erfiðari, seinlegri eða kostnaðarsamari, svo að máli skipti, af þessum ástæðum. Þegar þess er gætt, svo og, að stefndi leysti af hendi verkið í breyttri mynd án þess að hafa sannanlega

gert athugasemdir eða áskilnað um forsendubrest fyrir samningi aðila af þessum sökum, verður ekki fallist á, að hann geti nú krafði áfrýjanda um aukin verkláun vegna breytinga á verkinu. Verður áfrýjandi því sýknaður af kröfum stefnda.

Rétt þykir, að hvor aðili beri kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Byggingarfélagið Borg hf., er sýkn af kröfum stefnda, Magnúsar Halldórssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 7. apríl 1995.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. mars sl. að loknum munnlegum málflutningi, hefur Magnús Halldórsson, kt. 061133-0039, Hraunsnefi, Borgarnesi, höfðað með stefnu, þingfestri 1. nóvember 1994, á hendur Þorsteini G. Benjamínssyni, kt. 070149-8189, Þórðargötu 24, Borgarnesi, sem stjórnarformanni f. h. Byggingarfélagsins Borgar hf., kt. 420376-0149, Sólbakka 6, Borgarnesi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða 508.073 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 6. apríl 1994 til greiðsludags auk málskostnaðar að mati réttarins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

II.

Málavextir eru þeir, að 2. apríl 1992 gerðu stefnandi og stefndi með sér verksamning um jarðvinnuverk vegna nemendaíbúða að Bifröst í Borgarfirði. Samningurinn var gerður á grundvelli tilboðs frá stefnanda, sem hann gerði stefnda 30. mars 1992 á grundvelli útboðs. Fljótlega eftir að verkið hófst, kom í ljós mikil klöpp á svæðinu, sem stefnandi réð ekki við með þeim tækjakosti, sem hann hafði, enda hafði verið gert ráð fyrir auðgröfnu hrauni í útboðsgögnum. Fyrir meðalgöngu stefnda var Ræktunarsamband Flóa og Skeiða fengið til að sjá um fleygun og losun á klöppinni, en stefnandi vann áfram við gröftinn.

Stefnandi kveðst hafa ráðið gröfustjóra á Komatsu-220-gröfu til þess að fjarlægja losaða klöpp eftir fleygun og moka henni á bíl. Kveðst hann krefja stefnda um greiðslu á 75% af kostnaði við áður nefnda vinnuvél og véla-

mann, samtals 499.206 kr. Stefnandi kveðst gera kröfu um, að stefndi greiði fyrir þann aukakostnað, sem hann kveður vera af því að flytja sprengt grjót, 30% álag á samningsverð vegna þessa, samtals 103.518 kr., en þá sé frá dregið það, sem stefndi hafi ofgreitt fyrir flutning og gröft, 94.561 kr.

Með bréfi, dagsettu 20. október 1992, var gerð krafa um greiðslu fyrir aukaverkið. Þeirri kröfu var hafnað með bréfi, dagsettu 30. janúar 1993. Stefnandi ítrekaði kröfur sínar með bréfi, dagsettu 19. apríl 1993. Stefndi svaraði þessum kröfum stefnanda með bréfi, dagsettu 8. október 1993. Þar segir m. a.: „Þegar klöppin var losuð, voru afköstin 20 rúmmetrar á klukkustund. Vissulega þurfti öðru hverju að losa eitthvað frá fleygnum, og áttar verktakinn, sem vann við losunina, að tvær klukkustundir hefði þurft til þess daglega, og hann hefði gert það sjálfur, ef á hefði þurft að halda. Að þessum frámokstri hefði verið hægt að vinna samfellt í upphafi eða lok hvers dags. Hins vegar vannst þú jöfnum höndum við ámokstur og brottakstur, og litla eða enga töf hefði þurft að leiða af því að moka frá fleygnum. Það var ekki heldur verkþáttur, sem þú varst sérstaklega beðinn um að vinna af Borg hf. Hefði verktakinn, sem vann við losunina á klöppinni, átt réttmæta kröfu fyrir frámoksturinn, hefði hann ekki getað gert kröfu nema til u. þ. b. 12 klst. gröfuvinnu.“

Stefnandi mótmælti fyrrgreindu bréfi með bréfi, dagsettu 25. nóvember 1993, og sendi svo reikning, dagsettan 6. apríl 1994.

III.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að í samningi sínum við stefnda hafi einungis verið samið um flutning á lausu efni. Þegar klöppin hafi komið í ljós, hafi ræktunarsambandið verið fengið til þess að fleyga klöppina, en stefnandi beðinn að moka jafnóðum frá fleygnum. Því sé hér um að ræða verk, sem ekki hafi verið innifalið í verksamningi og stefndi hafi beðið stefnanda að vinna. Stefnda beri því að greiða fyrir þetta verk samkvæmt reikningi. Stefnandi kveður kröfu sína vera þá að fá greitt fyrir þann tíma, sem vél og vélstjóri hafi verið bundin við að moka klöppina frá fleygnum, jafnóðum og hún hafi verið losuð, svo að hægt hafi verið að vinna samfellt við fleygun auk þess að fá aukalega greitt fyrir flutning á sprengdu grjóti.

Um lagarök fyrir kröfu sinni vísar stefnandi til almennra reglna kröfu- og samningsréttar um greiðslu fjárskuldbindinga, sbr. 5. gr. laga nr. 39/1922 með löggjöfnun, sbr. og lög nr. 7/1936. Stefnandi vísar og til laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Kröfu um dráttarvexti styður stefnandi við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Stefndi kveðst reisa sýknukröfu sína á fyrirbyggjandi útboðsgögnum, verksamningi og tilboðsblaði. Þau gögn séu tæmandi um samningssamband

aðila. Hvergi sé þar minnst á vinnu við mokstur frá grjótfleyg, enda hafi aldrei verið um þá vinnu samið. Samkvæmt útboðsblaði, sem sé hluti verksamnings samkvæmt 1. gr. hans, skuli, komi til aukaverka, samið um þau sérstaklega, áður en vinna við þau hefjist. Þetta hafi aðilar ekki gert, enda hafi ekki verið um aukaverk að ræða.

Stefndi kveður mokstur frá fleygnum ekki verk, sem stefndi hafi beðið stefnanda um að vinna. Um hafi verið að ræða verk, sem ræktunarsambandið hafi átt að vinna fyrir stefnda samkvæmt sérstökum samningi. Stefndi mótmælir því, að stefnandi eigi kröfu á hendur stefnda, vegna þess að hann hafi ráðið til sín mann á Komatsu-gröfu sína og nota hafi átt til efnda á verksamningi. Stefndi telur og vinnu við gröft á losaðri klöpp síst meiri en losun og gröft á hrauni.

Stefndi mótmælir kröfu stefnanda um greiðslu fyrir þann tíma, sem vél og vélstjóri voru bundin við að moka klöpp frá fleygnum, jafnóðum og hún var losuð, svo að hægt væri að vinna samfelld við fleygun, þar sem skorti verksamning milli aðila um þessa vinnu. Ekki hafi verið þörf á að moka frá fleygnum jafnóðum, heldur hafi verið nægilegt að verja til þess tveimur tímum á dag, og hafi það verið innifalið í verksamningi stefnda við ræktunarsambandið. Stefndi mótmælir því, að stefnandi hafi verið beðinn að moka jafnóðum frá fleygnum, ekki komi fram, hver hafi beðið um þetta, og ekki hafi stefndi beðið um það, auk þess sem enginn samningur hafi verið um þetta.

Þá mótmælir stefndi þeirri kröfu stefnanda, að hann eigi að fá greitt aukalega fyrir flutning á sprengdu grjóti. Um það hafi ekki verið samningur, og telur stefndi engan eðlismun á þeim flutningi og flutningi á hrauni.

Kröfu um málskostnað styður stefndi við 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

IV.

Eins og fram hefur komið, átti stefnandi að vinna við gröft á hrauni og losun á því samkvæmt tilboði, sem byggðist á útboði stefnda. Eftir að stefnandi hóf verkið, kom hins vegar í ljós klöpp, sem stefnandi gat ekki unnið á með þeim verkfærum, sem hann hafði yfir að ráða. Ekki var gert ráð fyrir því í verksamningi aðila, að um fast grjót gæti verið að ræða, þrátt fyrir það að framkvæmdirnar væru í hrauni. Vegna þessa fékk stefndi Ræktunarsamband Flóa og Skeiða til þess að sjá um fleygun á klöppinni. Fram hefur komið, að ekki var gerður skriflegur samningur milli stefnda og ræktunarsambandsins um fjárhæð eða umfang verks.

Í verksamningi málsaðila er gert ráð fyrir því, að samið yrði sérstaklega um aukaverk, ef til þeirra kæmi.

Samkvæmt framansögðu breyttist umfang verksins. Jafnframt hefur komið fram, að stefndi ætlaðist ekki til þess, að stefnandi tæki á sig þá aukavinnu, sem fólst í fleygun á grjótinu, þar sem stefndi gerði samning við ræktunarsambandið og greiddi fyrir verkið. Stefnandi hefur haldið því fram, að þessar breyttu forsendur hafi orðið til þess, að vinna sín hafi orðið meiri en gert var ráð fyrir í verksamningi. Í bréfi stefnda, dagsettu 30. janúar 1993, viðurkennir stefndi, að þurft hafi að moka frá fleygnum, en mótmælir því, að stefnandi hafi verið beðinn um það, og einnig, að það hafi verið svo tímafrekt sem stefnandi haldi fram. Samkvæmt þessu er ljóst, að stefndi mátti gera sér grein fyrir, að moka þurfti frá fleygnum, en ræktunarsambandið sá ekki um þann þátt verksins. Hins vegar er óumdeilt, að stefnandi sá um þessa vinnu, enda sá aðili, sem jafna átti jarðveginn fyrir byggingar. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að stefnandi hafi staðið óeðlilega að verki.

Með hliðsjón af framansögðu og því, að stefndi lét stefnanda vinna áfram við verkið án þess að krefja um endurskoðun samningsins, ber að fallast á það með stefnanda, að honum beri endurgjald fyrir þá auknu vinnu, sem hann vann fyrir stefnda.

Stefndi hefur mótmælt því, að kostnaður stefnanda hafi verið svo hár sem stefnandi krefji um. Þrátt fyrir það að krafa stefnanda sé um helmingur af fjárhæð upphaflegs tilboðs hans, þykir verða með skírskotan til þess, að stefnanda beri greiðsla fyrir verk sitt, og meginreglu 5. gr. laga nr. 39/1922, að taka kröfur hans til greina að öllu leyti.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda 100.000 kr. í málskostnað.

Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Byggingarfélagið Borg hf., greiði stefnanda, Magnúsi Halldórssyni, 508.073 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 6. apríl 1994 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 100.000 kr. í málskostnað.
